# GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR - VILLINGAVATN BÁTASKÝLI - DEILISKIPULAG




Deiliskipulag
1 : 2500

GREINAGERÐ
Um er að ræða deiliskipulag á lóð sem mun fá nafnið villingavatn bátaskýli Lnr.237203

Stærð lóðarinnar (villingavatns bátaskýli) er 12.000m².

Svæðið er nú samkvæmt aðalskipulagi landbúnaðarsvæði og eru lóðin í samræmi við almenn ákvæði sem fram koma í kafla 3.2.1 um landbúnaðarland.

AÐKOMA
Aðkoma að lóðinni er frá vegi sem liggur frá þjóðvegi nr.360 að frístundabyggð Villingavatns við Þingvallavatn.

BYGGINGARSKILMÁLAR
Deiliskipulagstillaga þessi gerir ráð fyrir geymsluhúsnæði/skemmu undir létt tæki og tól s.s báta, fjórhjól og önnur minni og léttari tæki. Ekki er heimilt að vera með nokkurs konar atvinnustarfsemi í húsnæðinu sem getur talist til iðnaðar.

Frágangur lóðar í kringum húsnæði skal vera snyrtilegur og óheimilt er að geyma drasl og ónýt tæki innan lóðarinnar. Aðkoma skal vera snyrtileg og skal leitast við að gróðursetja greni, furu eða birki ef gróðursett er innan lóðarmarka.

Hámarks nýtingarhlutfall lóðar er 0,09 (eða rétt rúmir 1000 fermetrar).
Staðsetning byggingar innan byggingarreits er frjáls. Klettakambur á sunnanverðum hluta lóðarinnar er uþb. 4.5m hærri en hæðarlega byggingarreits og er því ásýnd á mannvirkið frá vegi óveruleg.

Hámarks vegghæð er 3.3m
Hámark mænishæð er 5.1m
Þakform skal vera bogadregið.
Litur á húsnæði skal vera lágstemmdur í dökkum lit.
Lýsing á húsi skal lýsa niður og lýsing á lóð skal almennt að vera lágstemmd.

LAGNIR
Frárennsli skal leitt í sameiginlegt hreinsivirki/rotþró að kröfu heilbrigðisyfirvalda og skal staðsetja þannig að aðkoma til hreinsunar og viðhalds sé góð. Hreinsivirki skal þó vera að lágmarki 10m frá húsi.
Öll vinna/ frágangur í samræmi við reglur og leiðbeiningar sem gilda um slíkar framkvæmdir.
Rafmagn - rafveita RARIK
Kalt vatn - kemur frá borholu á svæðinu.
Heitt vatn - ekki er heitt vatn á skipulagssvæðinu.

Allar lagnir skal leggja í jörðu og í samráði við viðkomandi veitustofnanir.

FORNMINJAR
Engar þekktar minjar eru innan lóðamarka skv aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 (ask Gogg) en verði vart minja við framkvæmdir skal stöðva þær og tilkynna um það til minjastofnunar samkvæmt 24. gr. laga um fornminjar nr.80/2012.

HNITASKRÁ

| | |
|---|---|
| L1. X=398061.39 | Y=402662.28 |
| L2. X=397991.87 | Y=402540.32 |
| L3. X=397978.95 | Y=402484.88 |
| L4. X=398030.41 | Y=402465.68 |
| L5. X=398113.27 | Y=402636.06 |



Úr aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshr. 2020-2023
Ekki í kvarða

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið samkvæmt 41.gr skipulagslaga nr, 123/2012 var samþykkt af sveitastjórn Grímsnes- og Grafningshreppi

Dags. ______________________

F.H sveitastjórnar Grímsnes- og Grafningshreppi

SKÝRINGAR:

- SKIPULAGSSVÆÐI
- BYGGINGARREITUR, HÁMARKS
- LÓÐARMÖRK
- NÚVERANDI BYGGINGAR
- MÆNISSTEFNA
- F — FLATARMÁL LÓÐAR
- Ⓗ — HREINSIVIRKI

Pro-Ark Teiknistofa

Villingavatn bátaskýli - L237203

4-24-037

Deiluskipulag

| | |
|---|---|
| Eiríkur Vignir Pálsson BFÍ | Kt: 010975-4179 |
| Kjartan Sigurbjartsson BFÍ | Kt: 190275-5319 |

| | |
|---|---|
| Teikn. | Ragnar Ó |
| Dags. | 23.9.2024 |
| Mkv. | 1:1500 |
| Blaðast. | A2 |

S-101

Eyravegur 31, 800 Selfoss Sími 482 4430 proark@proark.is